

## Fréttatilkynning!

Stjórn Velferðarsjóðsins er þannig skipuð:

Sjórn sjóðsins skipa Örnólfur J. Ólafsson sóknarprestur á Skútustöðum, Sara Hólm frá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga og Huld Aðalbjarnardóttir fjármálastjóri Framsýnar.

Í úthlutunarnefnd sjóðsins eru: Dögg Káradóttir félagsmálastjóri Norðurþings, Auður Gunnarsdóttir Rauðakrossdeild Húsvíkur og sr. Sighvatur Karlsson sóknarprestur á Húsavík.

Við verðum sífellt að annast og viðhalda sjóðnum, þessu barni okkar, samfélaginu í heild til heilla og þá sérstaklega þeim sem minna mega sín. Það fer um milljón út á hverju ári úr sjóðnum og því ljóst að hann þarf sífellt að halda sér við svo að hann geti sinnt hlutverki sínu sómasamlega. Sjóðurinn hefur engar aðrar tekjur en þær sem velunnarar sjóðsins ljá honum og því þarf að halda á spöðunum. Allt starf við sjóðinn er unnið í sjálfböðavinnu og kauplaust. Allt fé sem inn kemur rennur til samfélags okkar því til heilla. Þeir sem vilja leggja þessu góða máli, sjóðnum lið, geta lagt inn á bankareikning sjóðsins í Sparisjóði S-Þing: 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670.

Aðstandendur sjóðsins þakka af alhug öllum þeim fyrirtækjum, einstaklingum, félögum og stofnunum sem hafa lagt sjóðnum lið á undanförunum árum. Án ykkar aðstoðar gengi þetta ekki. Hafið þökk fyrir hlýhug í garð sjóðsins í gegnum tíðina.

Megið þið öll eiga gleðilega adventu og jól.

Fyrir hönd Velferðasjóðs Þingeyinga  
sr. Örnólfur Jóhannes Ólafsson á Skútustöðum í Mývatnssveit



# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

45. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 10. des. 2015

## Afmælisbörn dagana 11. des. — 16. des. 2015

13. Ásmundur Kristjánsson, Dúa Stefánsdóttir.
14. Hólmgeir G. Hallgrímsson.
16. Antra Krumina, Inga Freyja Þórarinsdóttir

## Hátíðleg samvinna um jólin í Þingeyjarsýslum.

Aðventutónleikar kirkjukórs Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju ásamt kirkjukór Húsavíkurkirkju og kirkjukór Snartastaðakirkju verður í Reykjahlíðarkirkju n.k. sunnudag 13. desember kl. 20:00.

Stjórnandi og undirleikari Jörg Sonderman.

Verið velkomin.



## Jólamarkaður og jólabað.

Laugardaginn 12. desember verður jólamarkaður í Jarðböðunum við Mývatn, frá kl. 14:00 - 19:00.

Mikið af spennandi og fjölbreyttum vörum á boðstólnum!

Jólasveinarnir mæta í Jarðböðin og fara í sitt árlega jólabað kl. 17:00.

Þeir taka á móti gestum á Hallarflöt í Dimmuborgum alla daga milli kl. 13:00 - 15:00.

*Mývatnssveit- tölslaland jólaanna.*





## ATVINNA



### Leikskólakennari – Sérkennari

Skútustaðahreppur auglýsir eftir fagmenntuðum starfskrafti á leikskólann YL.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 4. janúar næstkomandi. Ylur er um 20 barna leikskóli í Mývatnssveit í mjög skemmtilegu umhverfi, með mikla möguleika á fjölbreyttu starfi.

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun, sérkennaramenntun, þroskaþjálfamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.

Reynsla af sérkennslu æskileg.

Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.

Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.

Góð íslenskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og launanefnd sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 28. desember.

Upplýsingar gefur

Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri  
í síma 464 4149 eða 821 9404.



## MÝVATN

### Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 28. fundur

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 15. desember 2015, kl 09:15.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 9. desember 2015
3. Fundargerð skólaneftdar frá 10. desember 2015
4. Fundargerð landbúnaðar og girðinganeftdar frá 8. desember 2015
5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2015
6. Snjómokstur í Reykjahlíð- niðurstaða útboðs
7. Vátryggingar sveitarfélagsins – niðurstaða útboðs
8. Bréf forstöðumanns IMS dags. 1. desember 2015
9. Bréf Snorraverkefnisins dags. 30. október 2015
10. Bréf Flokkunar dags. 6. nóvember 2015
11. Samningur um kostnaðarskiptingu vegna Náttúrustofu Norðausturlands
12. Rekstarsamningur Skútustaðahrepps við HSP 2016-2019
13. Rekstaráætlun Héraðsneftdar Þingeyinga 2016
14. Gatnagerðargjöld í Klappahrauni í Reykjahlíð
15. Niðurstöður nefndar um nafngift á nýju náttúrufyrirbæri norðan Vatnajökuls
16. Frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.
17. Fjárhagsáætlun 2016-2019 – síðari umræða
18. Skýrsla sveitarstjóra- munnleg

Efni til kynningar

Fundargerðir stjórnar Eypings frá 9. október 2015, 21. október 2015, 18. nóvember 2015

Mývatnssveit 10. desember 2015

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

### Jólastund í Vogafjösi

Miðvikudaginn 16. desember n.k. kl. 16:30 ætlar Vogafjós að bjóða öllum börnum og eldri borgurum í sveitinni í heimsókn til að njóta aðventunnar saman.

Boðið verður upp á veitingar, dansað í kringum jólatréið, Jón Árni mætir með nikkuna og við syngjum öll saman. Komum saman og eigum notalega stund í Vogafjösi.

Aðventukveðjur, Vogafjós.



Vogafjós

Restaurant - Café  
Guesthouse

## *Æska, ást og friður.*

### Tónlistardagskrá Framhaldsskólans á Laugum.

Einni aukasýningu á tónlistardagskránni,  
*Æska, ást og friður*,  
undir stjórn Arnórs Benónýssonar hefur verið bætt við,  
þar sem sýningar féllu niður síðasta sunnudag og mánudag.

Flutt verða lög úr ýmsum áttum, frá 1970 - 2013  
og tengd saman með léttu spjalli.

Sýnt verður í **Þróttó**  
föstudaginn 11. des. klukkan 20:00.

Almennt miðaverð er 1.500 kr.  
Eldri borgarar 1.000 kr.  
Frítt inn fyrir börn á leikskóla- og grunnskólaaldri.  
Posi á staðnum.

Vonumst til að sjá sem flesta.  
Aðstandendur sýningarinnar.

## **Kæru vinir.**

Nú ætlum við að blása til árlegrar samverustundar í  
Reykjahlíðarkirkju 23. des. n.k.

Að venju óskum við eftir atriðum héðan úr okkar ágætu  
sveit. Það má vera nánast hvað sem er, tónlist, ljóð, leikið  
efni o.s.frv. Aðalmarkmiðið er að skapa ánægjulega stund  
sem allir geta notið saman.

Þeir sem vilja taka þátt eru beðnir um að hafa samband við  
undirritaðan hið snarasta í síma 869 4617 gegnum facebook  
eða [stebbijak@gmail.com](mailto:stebbijak@gmail.com)

Kærar kveðjur. Stefán Jakobsson & Ottó Páll



## **Kæru sveitungar**

Slysavarnadeildin Hringur og Björgunarsveitin Stefán fóru í liðinni  
viku um sveitina og buðu upp á endurnýjun á eldvarnabúnaði.  
Það gekk vonum frammar og móttökurnar voru virkilega góðar.

Fyrir þá sem misstu af okkur viljum við benda á að  
félagar í slysavarnadeildinni og björgunarsveitinni  
verða með eldvarnabúnað til sölu á jólamarkaðnum í Jarðböðunum  
laugardaginn 12. desember milli kl. 14:00 - 19:00.

Félögin þakka fyrir góðar móttökur og óska ykkur góðra stunda.



## **Skötuveisla í Kaffi Borgum**

Við ætlum að hafa skötuveislu í hádeginu  
á Þorláksmessu frá kl. 12:00 - 14:00.

Verð 2.300 kr. á mann.  
Allur Viking á hálfvirði.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 20. desember  
í síma 698 6810 eða á [freddi@kaffiborgir.is](mailto:freddi@kaffiborgir.is)

## JÓLA - OPIÐ HÚS.

Mývatnsstofa, Mýsköpun, Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður bjóða gestum og gangandi í heimsókn í gamla Kaupfélagshúsið að Hraunvegi 8, mánudaginn 14. desember kl. 17:00 - 19:00.

Tískusýning jóla-þörunga Mýsköpunar, glænýr jólaratleikur, jólaföndur kúlskítisins og jólatréð skreytt.

Það væri gott ef gestir gætu gripið með sér vasaljós fyrir jólaratleikinn!

Jóla-gott í gogginn fyrir viðstadda!

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Elísabet, Arnheiður, Davíð, Arna og Hanna Kata



## Aðventuhlaup fjölskyldunnar!

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur aðventuhlaup laugardaginn 12. desember.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Þátttakendur fá hressingu í lok hlaups og dregnir verða út veglegir vinningar.

Síðan er tilvalið að skella sér á jólamarkað, í jólabað eða í Dimmuborgir!

- Engin tímataka
- Fólk gengur eða skokkar á eigin hraða
- Fólk ræður vegalengd sjálf
- Mæld braut upp á 10 km
- Kostar ekki krónu!
- Mæting og skráning við ÍMS kl. 10:30



Mývatnssveit, töfraland jólanna.  
Starfsfólk ÍMS.

## Mýflugan

## Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.  
Jólakveðja 2.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

